

## SAMÞYKKT

### fyrir veiðifélag Haukadalsár.

#### 1. gr.

Félagið heitir veiðifélag Haukadalsár og kennitala þess er 670379-0519. Heimili þess er hjá formanni félagsins og varnarþing er þingstaður þess sveitarfélags þar sem formaður býr.

#### 2. gr.

Markmið félagsins er: Ræktun Haukadalsár með seiðasleppingum og öðrum þeim umbótum sem henta á hverjum tíma, t.d. gerð fiskvega, fjölgun veiðistaða, vatnsmiðlun, vegalagningu að veiðistöðum o.fl. Að gera leigusamning fyrir Haukadalsá og annast rekstur hennar.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að vatnasvæði Haukadalsár frá Haukadalsvatni að sjó en þær eru: Stóri-Skógur, Skógskot, Harrastaðir, Lækjarskógur, Brautarholt, Laxaborg, Kaldakinn og Vatn.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, fyrst gengur einn úr, eftir hlutkesti, síðan hvor hinna sitt hvert árið þar á eftir.

Stjórnin skiptir með sér verkum árlega að loknum aðalfundi. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins í þrjú ár samfleytt. Að jafn löngum tíma liðnum er hann skyldur að taka við kosningu. Einn varamaður skal kosinn árlega. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara ár hvert.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda, hún ræður það starfsfólk, sem reksturinn þarfnast og gerir við það samninga. Hún hefur einnig eftirlit með því að samþykktum félagsins sé hlítt. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með störfum þess og fjárreiðum öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

#### 6. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna, sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns við meðferð mála sem snertir hagsmuni hans umfram aðra félagsmenn. Við ákvarðanatöku mála skal stjórn gæta þess að nægar upplýsingar liggi frammi. Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

#### 7. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag.

Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, þó verður breyting á samþykktum eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykktum eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og skal þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Ef lagðar eru fyrir fund tillögur um framkvæmdir sem hafa í för með sér fjárútlát er nema a.m.k. 25% af tekjum félagsins á starfsárinu, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá, sbr. 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni, sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt

atkvæði sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók. Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

## 8. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður skriflega með dagskrá í samræmi við lög og reglugerðir. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram yfirfarna reikninga og ályktar fundurinn um þá, einnig skal stjórn leggja fram áætlun um framkvæmdir næsta árs. Fjárhagsáætlun næsta árs skal í megindráttum vera í samræmi við framlagðan ársreikning. Aðalfundur kýs stjórn og skoðunarmenn, hann kveður á um þóknun fyrir störf stjórnar. Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ¼ hluti félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Aukafundi skal boða skriflega með dagskrá í samræmi við lög og reglugerðir.

## 9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

## 10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

## 11. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema 2/3 hlutar félagsmanna samþykki.

## 12. gr.

Brot á samþykkt þessari og viðurlög varða sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

## 13. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Fiskistofu, 20. október 2011.*

**Árni Ísaksson,**  
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.